Cheeriosmót Víkings

Leiðbeiningar
Sjálfboðaliða

Unnið af barna- og unglingaráði 2025

Cheeriosmótið

Barna- og unglingaráð Víkings stendur fyrir Cherriosmóti í samstarfi við Nathan og Olsen. Mótið er haldið fyrstu helgina í maí og er mikilvæg fjáröflun fyrir yngri flokka félagsins og fer allur ágóði þess beint til reksturs þeirra.

Við mótið starfa fjölmargir sjálfboðaliðar við hin ýmsu störf og auk þess gefst iðkendum í þeim flokkum sem eru á leið í keppnisferð erlendis að taka vaktir sem fjáröflun fyrir ferðinni.

Margir keppendur eru að stíga sín fyrstu skref á mótinu og það skiptir máli að upplifun þeirra sé jákvæð. Sjálfboðaliðar eru fulltrúar Víkings á þessum degi og gerum við okkar besta til að bjóða keppendur, foreldra og þjálfara velkomna í Hamingjuna.

Skráning og vaktir

Birt er skráningaskjal á fésbókarsíðum þeirra flokka sem taka þátt hverju sinni.
Skráning takmarkast við eina vakt á iðkanda til að byrja með til þess að flestir hafi tækifæri á að taka þátt. Séu lausar vaktir þegar allir hafa fengið tækifæri til að skrá er velkomið að skrá á fleiri vaktir.

Á hverri vakt skrá sig iðkandi + foreldri i og kemur parið með 30 stykki af pönnukökum með sykri, hafraklöttum eða muffins. Hér eru nokkrar tillögur að uppskriftum en pönnukökurnar eru alltaf vinsælastar.
Hafraklattar
Muffins
Pönnukökur

Mótstjórn raðar á vaktir og greiðir til flokksráða eyrnamerkt þátttakendum c.a. tveim vikum eftir mót.

Hlutverk

Á mótinu eru fjölmörg verk sem þarf að ganga í og börn og fullorðnir sinna ekki endilega sömu verkum.

Umferðastýring

Kaffisala

Verðlaunaafhending

Undirbúningur



Frágangur

Hlutverk unglinga

- Aðstoða við að veita þátttakendum verðlaun
- Afgreiða í sjopputjaldi og sjoppuskúr
- Sjá um kaffivagn
- Sækja vörur/kaffi til mótstjórnar og ferja í sjoppur
- Aðstoða við að afhenda mótsgjafir



Föstudagur undirbúningur

Fullorðnir og börn

Útbúa samlokur

Undirbúa sjoppuskúr
- Fjarlægja varning meistaraflokks úr skúrnum og setja í geymslu.
- Raða drykkjum og öðrum vörum

Undirbúa verðlaun í tengibyggingu

Undirbúa sal
- Stilla upp dómara- og sjálfboðaliðabolum
- Fylla á kæli fyrir þjálfara og sjálfboðaliða

Föstudagur uppsetning

Fullorðnir

Stilla upp völlum og merkja

Setja upp sjopputjald

Flagga og hengja upp merkingar

Sjoppuskúr

Fullorðnir

Í upphafi dags: þarf að sækja posa (þarf 1-2 posa), skiptimynt og hita grill og passa að verðlistar séu sýnilegir.

Passa að nóg sé til af kaffi, kakó samlokum og bakkelsi, þetta er sótt inn til mótstjórnar.

Stýra og leiðbeina unglingum sem sjá um afgreiðslu
Fylgjast með að svæðið í kring um skúrinn sé snyrtilegt og láta mótstjórn vita ef tæma þarf ruslatunnur.

Í lok dags koma allar vörur inn í sjoppuskúr, skila posa og skiptiminnt inn til mótstjórnar í lok dags

Í lok seinni dags hjálpast allir við að taka niður og ganga frá svæði

Sjopputjald

Fullorðnir

Í upphafi dags: flytja vörur inn í sjopputjald, sækja posa (þarf 4-5 posa), skiptimynt og hita grill og passa að verðlistar séu sýnilegir.

Passa að nóg sé til af kaffi, kakó, samlokum og bakkelsi, þetta er sótt inn til mótstjórnar.

Passa að nóg sé til af köldum drykkjum – þetta er sótt í sjoppuskúr.

Stýra og leiðbeina unglingum sem sjá um afgreiðslu

- 2 unglingar þurfa að sækja kaffi og bakkelsi til mótsstjórnar
- 4 unglingar (2 og 2 eru að ganga með kaffivagna í kring um velli)
- 3-4 unglingar eru að afgreiða í tjaldi

Fylgjast með að svæðið sé snyrtilegt og láta vita þegar tæma þarf ruslatunnur

Í lok dags flytja vörur inn í sjoppuskúr / millibil og skila posa og skiptimynt til mótsstjórnar

Skila posa og skiptiminnt inn til mótstjórnar í lok dags

Í lok seinni dags hjálpast allir við að taka niður og ganga frá svæði

Afhending mótsgjafa

Fullorðnir

Stýra afhendingu mótsgjafa

Merkja við fjölda frá hverju félagi sem sækir mótsgjöf

Í lok seinni dags hjálpast allir við að taka niður og ganga frá svæði

Umferðastýring

Fullorðnir

Reyna að vísa fólki á laus stæði í göngufæri, búið veður að senda út upplýsingar um stæði.

Passa upp á að planið í Víkinni sé laust fyrir hreyfihamlaða og þjálfara.

Í lok seinni dags hjálpast allir við að taka niður og ganga frá svæði

Dómgæsla

Iðkendur Víkings og sjálfboðaliðar sjá um að dæma á mótinu. Manna þarf mikið af dómarastörfum og allir iðkendur dæma í 90 mínútur alveg frá 4. flokk og upp í meistaraflokka félagsins.
Fyrir þá iðkendur sem skrá sig á vaktir þarf að passa að skráðar vaktir rekist ekki á við dómgæslu.

Hvernig þekkjum við dómara í þjálfun eða ungan dómara ?

- Blá dómaratreyja
- Blátt fyrirliðaband á handlegg
- Blá flauta

Núna veistu að þetta er dómari í þjálfun eða ungur dómari

Dómarinn er mikilvægur hluti af leiknum, sýnum honum virðingu og tilitsemi!

Cheerios